



TILKYNNING FRÁ iTUB ehf.

Varðar: iTUB leiga, skil og þvottur á kerum undir fisk sem fluttur er til Bretlands

Ágæti viðskiptavinur

Frá og með 15. nóvember mun PPS East í Grimsby taka að sér þvott á öllum kerum iTUB sem falla til á svæðinu. Viðtakendum í Bretlandi er gert skylt að skila kerum á starfsstöð PPS þar sem þau verða þvegin áður en kerin eru hlaðin í gáma til heimflutnings. Þetta er gert til að tryggja notendum hrein ker við næstu notkun og ekki síður til að tryggja skilvirkari heimflutning. Frá og með sendingum í viku 45 mun því iTUB reikningsfæra þvottagjald á hvert ker sem fer í útflutning til Bretlands.

Gjald fyrir þvott sem leggst á hvert útflutt ker til Bretlands verður **kr 750 ISK án/vsk**

Ker sem notuð eru til útflutnings, bera leigugjöld skv gjaldskrá útflutnings, eða samningi þar um, og skal leigukaupi tilkynna til iTUB (itub@itub.is) fjölda kera í útflutning, flutningsfar og áfangastað **vikulega**. iTUB mun senda til baka tilvísunarnúmer (e. reference number) og skal það númer gefið upp af viðtakanda við skil. iTUB áskilur sér rétt til að sækja upplýsingar um útflutning til flutningsaðila.

Fiskútflytjandi er ábyrgur fyrir skilum á kerum á viðtökustað erlendis. **Það er á ábyrgð fiskútflytjanda að upplýsa viðtakendur um þessar breytingar á fyrirkomulagi. Það er einnig á ábyrgð fiskútflytjanda að tilvísunarnúmer sendingarinnar berist til sinna viðtakenda.**

Kerum skal skila í starfsstöð PPS fyrir lok þeirrar viku sem afhending á erlendum mörkuðum fer fram. Sé kerum ekki skilað innan þess tíma verða ker sótt til viðtakanda á hans kostnað.

Þeim aðila sem skilar er skylt að óska eftir staðfestingu (nótu) á fjölda þeirra kera sem hann skilar, gegn tilvísunarnúmeri, enda miðast skil á kari við þá staðfestingu. Ef fiskútflytjandi getur ekki sýnt fram á staðfestingu á skilum þess fjölda kera sem skráð eru á viðkomandi tilvísanarnúmeri- eða gert grein fyrir annarri ráðstöfun - teljast þau ker enn í leigu hjá viðkomandi fiskútflytjanda og gildir þá daggjald pr kar samkvæmt gjaldskrá, í lágmark 7 daga í senn þar sem flutningar heim til Íslands eru háðir vikulegum áætlunarsiglingum.

Heimilisfang: PPS East Ltd, Unit 1/Estate Road 6, DN31 2TG, Grimsby

Eftirfarandi gjaldskrá gildir frá og með 01.11.2018

Leiga á kerum til útflutnings	1.700	ISK/kar
Þvottagjald erlendis	750	ISK/kar
Dagleiga	125	ISK/kar pr dag

Af þessu leiðir að ábyrgð fiskútflytjanda er skilgreind með betri hætti en nú er, sem og ábyrgð viðtakenda á svæðinu.

Nánari upplýsingar veitir Reimar Viðarsson, s: 460 5044 - itub@itub.is